

Ísland ljóstengt 2018

Hluti A – Innsend gögn vegna fyrirhugaðrar umsóknar sveitarfélags um styrk til ljósleiðaravæðingar á árinu 2018

Umsækjandi:

| | |
|---|--|
| Sveitarfélag, sveitarfélög eða landshlutasamtök: | |
| Tengiliður varðandi umsókn: | |
| Sími/farsími: | |
| Tölvupóstfang: | |
| Staður og dags. umsóknar: | |
| Undirritun: | |

Gögn sem fylgja með hluta A:

| Nr. | Fylgir | Skýring |
|-----|--------|--|
| 1 | | Upplýsingar um stöðu uppbyggingar sem hlaut styrk frá fjarskiptasjóði 2016 og 2017 (ef við á). Þar með talið skal vera staðarlisti þar sem kemur fram hvaða staði stendur til að tengja með fyrri styrkjum, hverjir af þeim eru nú þegar tengdir og grófa tímaáætlun hvenær styrktir staðir sem eftir eru fá tengingu. |
| 2 | | Grófhönnun ljósleiðarakerfis fyrir allt sveitarfélagið eða sveitarfélög. Ef hluti sveitarfélags er þegar tengdur ljósleiðara þarf ekki að skila upplýsingum um hönnun þess kerfis nema hvað varðar samtengingar við það. |
| 3 | | Skipting í tímasetta verkáfangi sem stendur til að sækja um styrk vegna framkvæmda á árinu 2018 og næstu árum ef áætlað er að verkið taki fleiri ár. |
| 4 | | Áætlaður stofnkostnaður og áætlun um skiptingu kostnaðar á milli aðila. |
| 5 | | Niðurstaða könnunar á áformum markaðsaðila um uppbyggingu á markaðsforsendum, sjá fyrirmynd Póst- og fjarskiptastofnunar: https://www.pfs.is/fjarskipti/ljosleidarauppbygging-og-rikisstyrkir/fyrirmynd-ad-auglysingu/ |
| 7 | | Listi yfir styrkhæfa staði samkvæmt forskrift Póst- og fjarskiptastofnunar: https://www.pfs.is/library/Skrar/Ljosleidarauppbygging/Leidbeiningar_PFS_um_gerd_stadalista.pdf |
| 8 | | Staðfesting þess að kannað verði á hönnunarstigi með hagkvæma nýtingu fyrirbyggjandi innviða og samlegðar með öðrum jarðframkvæmdum (sjá fylgiblað) |

Athugasemd: Haka skal við í reitinn „Fylgir“ að viðkomandi gögn fylgi með.

Ísland ljóstengt 2018

Varðar umsókn sveitarfélags um styrk til ljósleiðaravæðingar á árinu 2018

Með vísan til skilmála styrkúhlutunar, nánar tiltekið liða 34 og 39 í tæknilegum skilmálum, þá ber umsækjanda að skila eftirfarandi staðfestingu.

STAÐFESTING

Fylgiskjal með A hluta vegna umsóknar um styrk

Fyrir hönd _____ er hér með staðfest að kannað verði á hönnunarstigi með hagkvæma nýtingu fyrirliggjandi innviða og samlegðar með öðrum jarðfrankvæmdum.

Staður og dagsetning

Undirritun

Um umsóknarferlið vegna 2018

Ferlið er í tveimur áföngum. Í fyrri hluta (A) er skilað inn gögnum varðandi umsóknina. Í seinni hlutanum (B) er sótt um styrkfjárhæð.

Hluti A: Skila skal umbeðnum gögnum ásamt útfylltu, dagsettu og undirrituðu blaði þar sem fram koma upplýsingar um umsækjanda ásamt öllum öðrum gögnum í einu eintaki. Gögnum má skila á rafrænu formi í tölvupósti.

Hluti B: Skila skal útfylltu, dagsettu og undirrituðu umsóknarblaði/blöðum á pappír í einu eintaki ásamt tilheyrandi staðarlista. Heimilt er að skila B hluta umsóknar með tölvupósti, ef hún berst áður en skilafrestur rennur út, enda hafi frumrit umsóknar verið póstlagt með ábyrgðarsendingu að minnsta kosti degi áður en opnun umsókna fer fram. Merkja skal tölvupóst eins og yfirskrift sem fer á lokað umsóknarumslag.

Umsóknum í B hluta skal skilað í lokuðu umslagi auðkennt:

Ísland ljóstengt 2018 [Nafn sveitarfélags/sveitarfélaga/landshlutasamtaka]

- Gögnum og umsóknum skal skila til: Fjarskiptasjóður, Sölvhólgötu 7, 101 Reykjavík
- Gögn og umsókn send í tölvupósti: **otto.winther@srn.is**

Umsækjandi er ábyrgur fyrir því að gögn og umsókn komist í réttar hendur fyrir skilátíma og opnun umsókna, hvort sem hann kemur með hana sjálfur, sendir í bréfapósti eða með tölvupósti. Móttæknar styrkumsóknir í B hluta verða opnaðar í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu í viðurvist þeirra umsækjenda sem þess óska. Styrkumsóknir sem berast eftir uppgefinn opnunartíma verða ekki opnaðar. Að liðnum skilafresti gagna í A hluta verða nöfn umsækjenda og fyrirhugað umfang uppbyggingar birt á vef fjarskiptasjóðs.

Við opnun styrkumsókna vegna B hluta verða lesin upp heiti umsækjenda, hvaða fyrirkomulag sótt er um (nr. 9 eða 10 í skilmálum), fjöldi staða og umsóknarfjárhæð. Niðurstaða opnunar verður birt í kjölfarið á vef samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, **www.srn.is**.

Eftir skil gagna og eða opnun umsókna og þegar mat á gildi þeirra liggur fyrir, kann fjarskiptasjóður að óska frekari upplýsinga frá þeim aðilum sem skiluðu inn gildum umsóknum til dæmis varðandi hönnun og umfang ljósleiðaranetsins, yfirfarinn staðalista o.fl. til staðfestingar á að skilmálum styrkúthlutunar sé fylgt og eftir því sem við á.

Tímaáætlun styrkúthlutunar vegna 2018

12. október 2017: Birting skilmála og umsóknargagna. Móttaka umsóknargagna í A hluta hefst.

2. nóvember 2017 kl. 13:00: Fyrirspurnarfresti vegna umsóknargagna í A hluta lýkur.

9. nóvember 2017 kl. 13:00: Móttöku umsóknargagna í A hluta lýkur.

14. nóvember 2017: Heiti sveitarfélaga birt sem senda inn fullnægjandi gögn í A hluta.

16. nóvember 2017: Móttaka umsókna í B hluta hefst.

21. nóvember 2017 kl. 13:00: Fyrirspurnarfresti vegna umsókna í B hluta lýkur.

23. nóvember 2017 kl. 13:00: Móttöku umsókna í B hluta lýkur. Umsóknir lesnar upp og niðurst. birt.

30. nóvember 2017 kl. 13:00: Lokafrestur fyrir sveitarfélög til að þiggja eða hafna styrk.

4. desember 2017: Endurúthlutun styrkja lýkur, reynist þess þörf.

Janúar 2018: Undirritun samninga milli fjarskiptasjóðs og sveitarfélaga vegna styrkveitingar 2018.

Fyrirspurnir sendist á netfangið **otto.winther@srn.is**

Ísland ljóstengt 2018

Hluti B – umsókn um styrk til ljósleiðaravæðingar á árinu 2018

Númer umsóknar _____ (ef fleiri en ein)

| Númer leiðar - fyrirkomulag | Grein í skilmálum | Fjöldi styrkhæfra staða [stk.] | Styrkumsókn samtals [kr.] |
|--|-------------------|--------------------------------|---------------------------|
| 1. Ljósleiðarlögn | 9 | | |
| 2. Önnur gerð tengingar en ljósleiðari | 10 | | |

Skýringar:

- Ef aðstæður eru þannig innan sveitarfélags eða sveitarfélaga að fleiri en ein leið eða fyrirkomulag á við þá má sækja sérstaklega um styrk fyrir hverja leið eða fyrirkomulag fyrir sig.
- Númer leiðar - fyrirkomulag: Gerð framkvæmdar sem sótt er um styrk fyrir.
- Grein í skilmálum: Vísað er til númers greinar í skilmálum um úthlutun styrkja.
- Fjöldi styrkhæfra staða [stk.]: Fjöldi staða sem sótt er um styrk fyrir.
- Styrkumsókn samtals [kr.]: Upphæð sem sótt er um, samtals fyrir alla staði sem tengja á með viðkomandi hætti án VSK.

Umsækjandi:

| | |
|---|--|
| Sveitarfélag, sveitarfélög eða landshlutasamtök: | |
| Tengiliður varðandi umsókn: | |
| Sími/farsími: | |
| Tölvupóstfang: | |
| Staður og dags. umsóknar: | |
| Undirritun: | |